

45. fundur stjórnar Byggðasamlangs Tónlistarskóla A-Hún var haldinn mánudaginn 3. júní 2019, að Bogabraut 10, Skagaströnd, klukkan 17:00

Mætt voru: Gunnar Tryggvi Halldórsson, Jóhanna Magnúsdóttir, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Karen Helga Steinsdóttir, Einar Kristján Jónsson, framkvæmdastjóri og Hugrún Sif Hallgrímsdóttir, skólastjóri.

Gunnar Tryggvi Halldórsson, formaður stjórnar setti fundinn og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Bréf sem borist hafa.
2. Ráðning skólastjóra.
3. Starfsmannamál.
4. Fjármál.
5. Önnur mál.

Gengið var til dagskrár:

Dagskrá:

1. Bréf sem borist hafa:

- a. *Gunnar Tryggvi Halldórsson, formaður, lagði fram bréf frá Skarphéðni H. Einarssyni, þar sem hann segir upp stöðu sinni sem tónlistarkennari við skólann, frá og með 1. júní 2019 að telja.*
 - i. Stjórn tónlistarskólans þakkar Skarphéðni, fyrir óeigingjarnt starf í þágu skólans á liðnum áratugum.

2. Ráðning skólastjóra:

- a. *Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir málímu.*
 - i. Staða skólastjóra, Tónlistarskóla A- Hún, var auglýst á landsvísu og var umsóknarfrestur til 1. júní 2019.
 - ii. Stjórn Tónlistarskóla A-Hún, samþykkir samhljóða að ráða Hugrúnu Sif Hallgrímsdóttur í stöðu skólastjóra.
 1. Hugrún Sif Hallgrímsdóttur, vék af fundi undir þessu lið.

Framkvæmdastjóra var falið að ganga frá ráðningasamningi við Hugrúnu Sif.

3. Starfsmannamál:

- a. *Skólastjóri gerði grein fyrir starfsmannamálum skólans.*

4. Fjármál:

- a. *Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir málínu.*
 - i. Stjórn Tónlistarskóla A-Hún, samþykkir samhljóða að óska eftir því við aðildarsveitarfélög að þau greiði inn til skólans eftirfarandi upphæðir í tvennu lagi vegna framkvæmda.

SJH

Reto
JM *HJS* *KTS*

1. Húnnavatnshreppur:	815.349 kr.
2. Blönduósbær:	2.279.937 kr.
3. Skagaströnd:	1.535.414 kr.
4. Skagabyggð:	269.300 kr.
a. Samtals:	4.900.000 kr.

5. Önnur mál:

- a. Stjórn skólans fór skoðunarferð um húsnæðið að Bogabraut 10.
- b. Rætt var um Barnakór Skagastrandar en mikill áhugi er fyrir að stækka það verkefni og hafa sameiginlegan kór fyrir börn í A-Húnnavatnssýslu. Æfingar færu fram á Blönduósi og Skagaströnd. Ákveðið var að taka upp þráðinn í haust og skoða hvort áhugi er fyrir sliku samstarfi.
- c. Rætt var um áhuga stjórnar á að kanna möguleika á framtíðarhúsnæði fyrir Tónlistarskólanum á Skagaströnd, en áhugi er fyrir því að selja skólahúsnæðið og leigja húsnæði sem myndi nýtast betur til kennslu.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 18:00.

Fundargerð ritaði Hugrún Sif Hallgrímsdóttir


Gunnar Tryggvi Halldórsson

Péturina I. Jakobsd.
Péturína Laufey Jakobsdóttir

Einar K. J.
Einar Kristján Jónsson


Johanna Magnúsdóttir

Karen Helga Steinsdóttir
Karen Helga Steinsdóttir

Hugrún Sif Hallgrímsdóttir
Hugrún Sif Hallgrímsdóttir